



Bæjarráð Garðabæjar
Almar Guðmundsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 23. nóvember 2022
Málsnr. 2109010/PBG/HH

Efni: Umdæmisráð barnaverndar

Á 546. fundi stjórnar SSH, hinn 7. nóvember 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

2109010 - Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Á 545. fundi voru kynntar hugmyndir um umdæmisráð barnaverndar fyrir viðkomandi sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og var samráðshópi velferðarmála falið að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli sveitarfélaganna auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Drög að slíkum samningi ásamt viðauka við hann liggja nú fyrir auk tillagna hópsins um hverjir skuli skipaðir í umdæmisráð. Þá er fyrirbyggjandi minnisblað um ferli málsins og helstu atriði umræddra samningsdraga. Svanhildur Þengilsdóttir formaður samráðshóps á velferðarsviði og sviðsstjóri fjölskyldusviðs Garðabæjar kynnir framangreint. Umræður.

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að samningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum, ásamt viðauka við samninginn og tillögu um ráðsmenn. Er SSH falið að senda framangreint til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi viðkomandi sveitarfélaganna. Drög að skipunarbréfum ráðsmanna verði jafnframt send viðkomandi sveitarfélögum.

Er þá gert ráð fyrir, þar sem um nýja tilhögun er að ræða, að sviðsstjórar viðkomandi sveitarfélaga eigi samtál við ráðsmenn í umdæmisráði skömmu eftir að það tekur til starfa, þar sem farið verði yfir m.a. starfshætti og verklag og skoðað hvort tilefni er til breytinga á samningnum hvað varðar t.a.m. staðsetningu og verkefni ráðsins, þegar kemur t.a.m. að ritun úrskurða og utanumhaldi. Verði niðurstaða þess samtals kynnt stjórn á fyrri helmingi ársins 2023 auk þess sem nánar verði farið yfir kostnað af störfum ráðsins.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Á grundvelli framangreinds eru meðfylgjandi drög að samningi Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kjósarhrepps, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs. Eru jafnframt meðfylgjandi drög að Viðauka 1 við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar, þar sem kveðið er á um greiðslur til ráðsmanna vegna starfans en gert er ráð fyrir því að ráðsmenn annist ritun úrskurða, annað



ut anumhald og frágang mála. Þá er meðfylgjandi rökstudd tillaga sviðsstjóra velferðarsviða áður nefndra sveitarfélaga um ráðsmenn en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samningsdraganna en gert ráð fyrir því að aðildarsveitarfélögin skrifi öll undir skipunarbréf ráðsmanna. Er þá meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra velferðarmála umræddra sveitarfélaga, dags. 7. nóvember 2022, þar sem fjallað er nánar um tilurð og efnisatriði samningsdraganna og viðauka við þau.

Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra þess til undirritunar eftirfarandi:

- Samnings um rekstur umdæmisráðs barnaverndar
- Viðauka 1 við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar
- Skipunarbréfa ráðsmanna

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Áréttað skal að þau ákvæði barnaverndarlaga sem leggja þá skyldu á sveitarfélög að starfrækja sérstakt umdæmisráð í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu, eða gera samning sín á milli um slíkt samstarf, koma til framkvæmda 1. janúar nk., og er því farið fram á skjóta afgreiðslu málsins, svo umdæmisráðið verði starfhæft við þau tímamörk.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- Drög að samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar.
- Drög að viðauka 1 við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar.
- Drög að skipunarbréfi Aðalmaður – lögfræðingur
- Drög að skipunarbréfi Aðalmaður – félagsráðgjafi
- Drög að skipunarbréfi Aðalmaður – sálfræðingur
- Drög að skipunarbréfi Varamaður – lögfræðingur
- Drög að skipunarbréfi Varamaður – félagsráðgjafi
- Drög að skipunarbréfi Varamaður - sálfræðingur
- Bréf sviðsstjóra velferðarsviða vegna skipunar ráðsmanna í umdæmisráð, 6. nóvember 2022.
- Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviða um umdæmisráð barnaverndar, dags. 7. nóvember 2022.